

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 552 9899, 563 0325, 563 0300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

4. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 21. febrúar 1997.

Fundurinn hófst kl. 14:15.

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið.

Mætt voru:

Birgir Sigurjónsson, Halldór Gunnarsson, Sigurgeir Bárðarson, Jón Bergsson, Sigríður Sigþórsdóttir, Guðbrandur Kjartansson, Sigbjörn Björnsson, Birgir R Gunnarsson, Marteinn Valdimarsson, Sigfús Helgason, Sigurður Þórhallsson.

1. Fundargerð 3. fundar.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt athugasemdarlaust.

2. Hvort og hvert á að senda fundargerðir stjórnarfunda?

Málið var rætt tölувert og ákveðið að senda formönnum hestamannafélaganna fundargerðir stjórnarinnar eftir að þær hafa hlotið samþykki næsta fundar á eftir. Þessi tilhögun er nýbreytni á störfum stjórnarinnar og tekin upp í þeim tilgangi að efла upplýsingastreymi milli aðila.

Í ákveðnum tilfellum getur verið um trúnaðarmál stjórnarinnar að ræða, sem rædd eru á fundum hennar og verða þau að sjálfsögðu ekki send út meðan mál eru á vinnslustigi.

Fram til þessa hafa fundargerðir verið sendar öllum aðal- og varamönnum í stjórn L.H.

Með þessari ákvörðun vonast stjórn L.H. til að störf Landssambandsins verði sýnilegri en áður hinum almenna hestamanni.

3. Kynntur ársreikningur L.H. 1996.

Sigurgeir Bárðarson gjaldkeri L.H. las og skýrði reikninga ársins 1996.

Í reikningum kemur fram að heildartekjur L.H. urðu kr. 8.858.503 sem eru nær óbreyttar tekjur frá árinu 1995.

Gjöldin eru alls kr. 8.633.836 og hagnaður á rekstrarreikningi ársins því kr. 224.667.

Skuldir og eigið fé er alls kr. 6.111.757. Reikningarnir voru ræddir töluvvert og svaraði gjaldkeri ýmsum fyrirspurnum stjórnarmanna. Fram kom ánægja með að rekstur L.H. kom út með hagnaði á árinu þrátt fyrir veruleg útgjöld samtakanna að verkefnum sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun stjórnar L.H. en ársþing '95 samþykkti að vinna að og kosta og var gjaldkera og endurskoðenda þökkuð góð framsetning reikningsins. Engar athugasemdir komu fram varðandi uppsetningu né niðurstöður reikningsins og fer hann því athugasemdarlaust í endurskoðun samkvæmt lögum L.H.

4. Fyrirhuguð ráðstefna á Akureyri um mótaðald.

Sigbjörn Björnsson formaður mótanefndar L.H. gerði grein fyrir undirbúningi ráðstefnu um mótaðald sem haldin verður á Akureyri 26. apríl nk.

Mótanefnd L.H. Sigbjörn Björnsson, Halldór Gunnarsson og Reynir Hjartarson hafa eins og áður var ákveðið á stjórnarfundi L.H. 10. janúar s.l. tekið að sér undirbúning og framkvæmt ráðstefnunnar. Nokkur umræða varð um fyrirkomulag og framkvæmd ráðstefnunnar en hún mun fyrst og fremst snúast um að koma til móts við áhuga og þarfir áhorfenda (mótgesta).

Rætt hefur verið um að fá hestamannafélagið Létti á Akureyri til samstarfs um framkvæmt ráðstefnunnar.

5. Umræða um fjármál L.H.

Formaður reifaði málið og lagði til að framkvæmdastjóra L.H. yrði falið að móta hugmyndir að nýjum tekjuöflunarleiðum fyrir Landssambandið. Málið var lítillega rætt og tillaga formanns síðan samþykkt. Gert er ráð fyrir að tillögur Sigurðar Þ komi fram á næsta fundi stjórnar.

6. Undirbúningur að ákvarðanatöku um landsmót 2000 og 2002.

Á 47. ársþingi var samþykkt (þingskjal 10) að stjórn L.H. velji landsmótsstað fyrir landsmót L.H. árið 2000 og 2002 fyrir 1. apríl n.k.

Í upphafi umræðu um þetta mál greindi formaður frá því að umsóknir frá eigendum fjögurra móttssvæða hefðu borist um að halda landsmót árin 2000 og 2002.

Fákur í Reykjavík og eigendur Gaddstaðaflata sækja um að halda landsmót árið 2000 á Suðurlandi.

Eigendur Melgerðismela og eigendur Vindheimamela sækja um að halda landsmót árið 2002 á Norðurlandi.

Málið var ítarlega rætt út frá mörgum sjónarhornum. Staðirnir allir voru veginir og metnir, kostir og gallar ræddir. Ákveðið var að skipa þá Sigurgeir, Birgir Rafn og Sigurð Þ. til þess að setja upp viðmið hvað varðar aðstöðu og búnað sem þarf að vera til staðar á landsmótsstað. Vinnuhópurinn skili tillögum um þessi viðmið á næsta fundi stjórnar sem verður símafundur. Þessu verður hraðað eftir því sem kostur er og upplýsingar um þessi viðmið send eigendum þeirra móttssvæða sem að ofan greinir.

Í framhaldi umræðunnar um val á landsmótsstað sagði Sigbjörn frá undirbúningi LM'98 á Melgerðismelum í Eyjafirði, en Sigbjörn er fulltrúi stjórnar L.H. í framkvæmdaneftnd mótsins. Í máli Sigbjörns kom fram að allur undirbúningur mótsins gengur vel og samkvæmt áætlun.

7. Málefni Skógarhóla og rekstur.

Sigurður Þ greindi frá framkvæmdum í Skógarhólum. Þar er um að ræða m.a. raflínulögn á svæðið.

Málið var rætt nokkuð og í framhaldi af því samþykkt að fela formanni L.H. og gjaldkera ásamt Skógarhólaneftnd L.H. að ganga frá samningum við viðkomandi aðila um lagningu umræddrar raflínu.

8. Önnur mál.

A) Formaður greindi frá því að því miður hefði ekki tekist að senda fulltrúa frá L.H. á 9. Náttúruverndarþing sem haldið var 31. jan. til 1. febr. s.l. Gögn frá þinginu hafa borist skrifstofu L.H.

B) Formaður kynnti bréf frá Umferðarráði þar sem rætt er um þátttöku í þjóðarátaki til aukins umferðaröryggis til ársins 2000. L.H. er hvatt til að taka þátt í þessu átaki. Framkvæmdastjóra falið að kynna hestamannafélögunum betta málefni með bréfi.

C) Formaður kynnti bréf frá HÍS þar sem tilkynnt er hverjir hafa verið skipaðir í sameiningarnefnd L.H. og HÍS en þeir eru:

Sigfús Guðmundsson, Haraldur Þórarinsson og Sigurður Ragnarsson, varamaður Bragi Ásgeirsson Fáki.

D) Formaður kynnti bréf frá Skaftárhrepp, þar sem boðað er til ráðstefnu um náttúrufar og lífríki Skaftárhrepps. Sigríði S falið að athuga þetta frekar með það í huga að fulltrúi L.H. sæki ráðstefnuna, en Landssambandinu er boðin þátttaka.

E) Varðandi heimasíðu L.H. á Internetinu. Sigurður Þ kynnti þetta á fundinum í framhaldi af tilboði um gerð heimasíðu fyrir L.H. frá Jóhannesi Erni Erlingssyni. Sigurði falið að afla frekari upplýsinga um kostnað L.H. við að tengast internetinu.

F) Formaður kynnti bréf frá hestamannaféluginu Funa í Eyjafirði þar sem greint er frá afstöðu Funamanna til sameiningar L.H. og HÍS á aðalfundi félagsins 7. febr. s.l.

G) Formaður kynnti bréf frá Ingibjörgu Magnúsdóttur dags. 31.1.97. þar sem hún tilkynnir stjórn L.H. að hún segi starfi sínu lausu á skrifstofu L.H. frá 1. febrúar. Fram kom í umræðum stjórnarmanna að allir vilja leita leiða til að Ingibjörg endurskoði afstöðu sína í þessu máli og starfi áfram ef þess er nokkur kostur. Ingibjörg hefur unnið fyrir Félag tamningamanna á skrifstofu L.H. samkvæmt samningi þar um milli L.H. og félagsins. Formanni og gjaldkera falið að ræða þessi mál við Ingibjörgu hið fyrsta.

H) Formaður kynnti bréf sem hann ritaði formanni dómnefndar í A-flokki gæðinga á landsmóti 1994 varðandi hið svokallaða Gýmismál. Bréfið er dags. 8. febr. s.l. Í framhaldi af þessu bréfi tók dómnefndin þetta mál fyrir á fundi sínum þann 21. febr.

I) Rætt var um að fulltrúar frá L.H. fari við fyrsta tækifæri til fundar við umhverfisnefnd Alþingis varðandi styrkveitingu til umhverfis- og reiðvegamála á ákveðnum stöðum.

J) Næsti fundur verður 21. mars n.k.

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson
Guðbrandur Kjartansson
Sigríður Sigþórdsóttir
Birgir Rafn Gunnarsson

Birgir Sigurjónsson
Sigbjörn Björnsson
Jón Bergsson
Sigurgeir Bárðarson